

# Uppbygging innviða

Mál nr. 55/2020 Birt: 28.02.2020 Síðast uppfært: 29.02.2020

- Forsætisráðuneytið
- Annað
  
- Málefnasvið:
- Orkumál
- Almanna- og réttaröryggi
- Samgöngu- og fjarskiptamál
- Sveitarfélög og byggðamál

## Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 28.02.2020–31.03.2020. Umsagnir eru birtar jafnóðum og þær berast. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

[Senda inn umsögn](#)

## Málsefni

Átakshópur um úrbætur á innviðum skilaði niðurstöðum sínum 28. febrúar og eru þær birtar á vefnum <https://www.innvidir2020.is> Áhugasömum gefst kostur á að skila umsögn hér í samráðsgáttinni þar til í lok mars.

Fárviðri gekk yfir Ísland í desember 2019 og olli miklu tjóni. Samgöngur stöðvuðust og atvinnulífið lamaðist á þeim svæðum sem urðu verst úti. Miklar truflanir urðu í flutnings- og dreifikerfi raforku sem hafði afleidd áhrif á fjarskiptakerfi og leiddi til sambandsleysis við umheiminn á stórum svæðum. Ríkisstjórnin skipaði í kjölfarið átakshóp sex ráðuneyta um úrbætur í innviðum. Hópurinn leitaði til sveitarfélaga, innviðafyrirtækja og stofnana til að fá sýn þeirra á nauðsynlegar úrbætur í innviðum.

Átakshópurinn hefur nú lokið störfum og leggur til fjölmargar aðgerðir til að styrkja innviði landsins í kjölfar óveðursins. Þær snúa meðal annars að úrbótum á varaafli, auknum áreiðanleika raforku- og fjarskiptakerfa, skilgreiningu á hlutverki og mönnun fyrirtækja og stofnana, samræmingu skipulags innviða, eflingu almannavarnakerfisins, fræðslu og upplýsingagjöf til almennings og eflingu rannsókna og vöktunar á náttúruvá.